

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. janúar 2014
Tilvísun: UST20140100008/bs

Framleiðsluaukning á regnbogasilungi í 4.000 tonn á vegum Dýrfisks í Ísafjarðardjúpi við Snæfjallaströnd - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framleiðsluaukning skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Dýrfiskur hf. hefur nú leyfi til að framleiða 200 tonn af laxi eða regnbogasilungi árlega í Ísafjarðardjúpi við Snæfjallaströnd. Ráðgert er að auka framleiðsluna árlega í 4.000 tonn af regnbogasilungi.

Stefnt er að því að framleiða lífrænt vottaðan regnbogasilung. Áform eru um að skilja milli kynslóða og hvíla eldissvæði til að tryggja sjálfbæra endurnýjun umhverfisþátta og hindra að sjúkdómar og sníkjudýr berist milli kynslóða.

Gert er ráð fyrir að á þriggja ára tímabili muni heildarmagn næringarefna sem falla til botns undir og í nágrenni eldiskvíva verða um 750 tonn.

Flokkun viðtaka Á bls. 11 í greinargerð segir m.a.: „Íbúar við Ísafjarðardjúp eru alls um 5.000 og er frárennsli skólps í strandsjó. Svæðið fellur undir reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp. Draga má þá ályktun að svæðið teljist ekki viðkvæmt.“

Umhverfisstofnun bendir á að fyrrnefnd reglugerð á aðeins við um fráveitur og skólp og skilgreining viðtaka þarf skv. 20. gr. fyrrnefndar reglugerðar að vera send til

Umhverfisstofnunar af viðkomandi sveitarfélagi til þess að skilgreiningin öðlist vægi.

Meira sjávardýpi er á eldissvæðinu við Sandeyri á Snæfjallaströnd heldur en í Tálknafirði þar sem rannsókn fór fram á ofauðgun næringarefna. Svæðið er opnara og með sterkari sjávarstrauma og þar af leiðandi má gera ráð fyrir að umhverfisáhrif eldisins við Sandeyri verði minni og nái fyrr upphaflegu ástandi.

Fyrirhugað eldissvæði við Sandeyri er ekki á veiðisvæði fyrir rækju eða annarra nytjastofna. Ekki kemur fram hvort uppeldis- eða hrygningarsvæði fyrrnefndra tegunda séu á fyrirhuguðu eldissvæði, en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þær upplýsingar liggi fyrir.

Burðarþol Þynningarsvæði eldissvæðisins við Sandeyri telst vera allt Ísafjarðardjúp. Fram kemur í greinargerð að samkvæmt upprunalegu LENKA viðtakamati megi gera ráð fyrir því að allt Ísafjarðardjúp með innfjörðum geti borið um 43.000 tonna fiskeldi árlega.

Efnamengun Ekki verða notuð gróðurhamlandi efni á netpoka sem geta haft neikvæð umhverfisáhrif.

Laxfiskar Fram kemur í greinargerð að regnbogasilungur geti ekki lifað og fjölgað sér í íslenskri náttúru. Eldi á þessari tegund hefur verið stundað hér á landi í meira en hálfa öld og ekki sé þekkt að regnbogasilungur hafi myndað náttúrulegan stofn í landinu.

Sjónræn áhrif Umhverfisstofnun telur að líta eigi til mögulegra áhrifa sem mannvirki og rekstur fiskeldis á strjálbýlum svæðum getur haft á landslag og upplifun þeirra sem ferðast um þessi svæði.

Botndýralíf Botndýrarannsóknir á eldissvæðinu sýna að samsetning botndýralífs er fjölbreytileg. Talið er í greinargerð að fjölskrúðugt botndýralíf á milli eldiskvía stuðli að hraðari endurnýjun botns undir eldiskvíum þar sem ofauðgun getur átt sér stað.


Botndýrarannsóknir í Ísafjarðardjúpi eru orðnar viðamiklar og mikið til af grunnupplýsingum um botndýralíf og áhrif fiskeldis á það í Djúpinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessar grunnupplýsingar verði nýttar sem best við vöktun á mengunarálagi frá fyrirhuguðu fiskeldi.

Niðurstaða Samkvæmt aðferðum um staðarval fiskeldis (BAT) er miðað við að straumur sé a.m.k. 5 cm/sek. Í aðferðum um staðarval segir einnig að ekki skuli velja eldisstöðvum stað í þröskuldsfjörðum sem hindra vatnsskipti, eða á svæðum þar sem straumur er lítill. Niðurstaða straummælinga sem fram fóru við Sandeyri sýndu að straumhraði á fyrirhuguðu eldissvæði var um 10 cm/sek. Ísafjörður er mjög djúpur fjörður opinn móti úthafi. Mesta dýpi við mynni fjarðarins er meira en 120 m og telst fjörðurinn ekki til svokallaðra þröskuldsfjarða. Samkvæmt LENKA viðtakamati gæti Ísafjarðardjúp borið allt að 43.000 tonna fiskeldi árlega, en í greinargerð kemur fram að fyrirætlanir séu nú um allt að 11.000 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi og innfjörðum.

Umhverfisstofnun vill benda á að á alþjóðlegum vettvangi er nú lögð aukin áhersla á stjórnun strandsvæða sem sjá má af fjölda sáttmála auk svæðisbundnum og alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála, þar sem aukna áherslu er að finna á mikilvægi heildrænnar stjórnunar strandsvæða. Stofnunin telur mikilvægt að strandsvæði séu skipulögð með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og að ekki sé gengið um of á þær auðlindir sem þar er að finna.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framleiðsluaukning á regnbogasilungi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur